**Sþ.** **43. Fyrirspurn** [41. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og menntamálaráðherra um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður framkvæmd I. kafla laga nr. 25/1975, 1.-7. gr., um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir?
2. Hyggjast ráðherrar notfæra sér tillögur um fræðsluherferð í skólum og meðal almennings sem samstarfshópur 57 kvenna úr öllum stjórnmálaflokkum og mörgum starfsstéttum vann að og afhenti viðkomandi ráðherrum 4. júlí síðastliðinn?